



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 16. október 2023

Félagaskiptagluggar árið 2024
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 11. október sl. samþykkti stjórn KSÍ fyrirkomulag félagaskiptaglugga (félagaskiptatímabila) fyrir keppnistímabilið 2024. Líkt og árið 2023 þá verður gluggum misjafnlega hagað á milli þeirra deilda sem leikmannssamningar (professional) eru heimilir gagnvart þeim deildum sem aðeins áhugaleikmenn (amateur) spila. Á sama fundi stjórnar KSÍ 11. október voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Eftirfarandi fyrirkomulag félagaskiptaglugga var samþykkt fyrir árið 2024:

Félagaskiptagluggi efri deilda karla og kvenna

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla.

Fyrri gluggi (12 vikur): 1. febrúar til 24. apríl 2024

Sumargluggi (4 vikur): 17. júlí til 13. ágúst 2024;

- Ath; Aðeins Besta deild karla, Besta deild kvenna og Lengjudeild karla

Sumargluggi (2 vikur): 17. júlí til 31. júlí 2024;

- Ath; Aðeins Lengjudeild kvenna og 2. deild karla

Félagaskiptagluggi neðri deilda karla og kvenna

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild karla (ef við á).

Félagaskiptagluggi: 1. febrúar til 31. júlí 2024

Félagaskiptagluggi yngri flokka loki 31. júlí 2024

(Félagaskiptagluggi opni aftur við lok mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár).

REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnumót

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **rauðmerkt**
Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~

13. grein - Þáttökuréttur

- 13.1 Aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum knattspyrnumótum nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.2 Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.3 Stjórn KSÍ skal ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4 Þáttökutilkynningar í **vegna landsmótum meistaraflokka** skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir **10. nóvemberjanúar** ár hvert. **Þáttökutilkynningar vegna móta yngri flokka skulu berast KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 5. janúar** ár hvert. **Þáttöku í öðrum mótum, þ.m.t. Utandeild, skal tilkynna um skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ. Félag sem rétt eiga til þáttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þáttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar félags verður ekki tekið til gilda nema uppfylltar séu gerðar kröfur skv. þáttökutilkynningu. til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirætlum mótanefndar, sem og**
- 13.5 **Helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni og bikarkeppnum og ógreiddar skuldir fyrra árs skal gert upp samhliða tilkynningu um þáttöku í mótum. Eftirstöðvar þessara gjalda og þáttökugjöld skal inna af hendi eigi síðar en 30. mars í upphafi hvers keppnistímabils. sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.**

15. grein - Framkvæmd og skipulag leikja

- 15.7 Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félag sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. ~~Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félag missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.~~


35. grein - Ekki mætt til keppni

- 35.1 Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. ~~Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði.~~

Greinargerð:

Um ræðir tillögur samþykktar af stjórn KSÍ sem unnar voru af laga og leikreglanefnd í kjölfar umræðu og ákvarðana á fundum stjórnar KSÍ þann [24. ágúst](#) og [11. september](#). Þar samþykkti stjórn KSÍ að óska eftir því við laga- og leikreglanefnd og mótanefnd að undirbúa tillögu um félagaskiptaglugga fyrir árið 2024. Á fundi 11. september samþykkti stjórn KSÍ að gera breytingar á því hvenær þátttökutilkynningar í mót eigi að berast skrifstofu KSÍ. Breytingar feli í sér að þátttökutilkynningar í mót meistaraflokka skuli berast eigi síðar en 10. nóvember ár hvert en vegna móta yngri flokka skuli þátttökutilkynningar berast eigi síðar en 5. janúar ár hvert. Breytingar á greinum 15 og 35 koma í kjölfar ábendinga frá mótanefnd KSÍ og varða efnisákvæði í reglugerð sem ekki hefur verið notast við um langa tíð.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ